

Númer útdreginna húsbréfa svo og númer áður útdreginna, ógreiddra húsbréfa og greiðslustaður þeirra, skulu birt í Lögbirtingablaði og a.m.k. einu dagblaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Pau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, 15. janúar 2016. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfa-deildarinnar undir umsjón lögþólkanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrrast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og lög nr. 70/1990, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um gjald til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

Með skírskotun til laga nr. 86 4. júlí 1985 um viðskiptabanka, sbr. rg. nr. 54/1986 um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og samkvæmt tillögu stjórnar sjóðsins hefur ráðuneytið ákveðið að gjald viðskiptabanka til sjóðsins á árinu 1991 skuli vera 0,15% af heildarinnlánum hvers banka þann 31. desember 1990.

*Viðskiptaráðuneytið, 30. janúar 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Tryggvi Axelsson.*